

Nr. 6.
7. maí.

Opið brjef

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku,
sje settur ríkisstóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þaræð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign Harald Christián Frederik, og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 7. maí 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.

Nr. 7.
7. maí.

Reglugjörð

fyrir veðdeild Landsbankans í Reykjavík um útgáfu á 4. flokki
(Seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 51,
10. nóvember 1913.

1 gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum og gegn tryggingu í eignum og tekjum hreppa, sýslna og bæjarfjelaga.

Fyrstu 4 árin eptir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrief, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabrief), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 4. flokkur (Sería) bankavaxtabrjefa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 5 miljónum króna. Upphæð bankavaxtabrjefanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu brjefin samin eptir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabrjefunum skal vera útdráttur úr reglugjörð þessari að minnsta kosti á íslensku og dönsku. Upphæðir þeirra skulu vera 5,000, 1,000, 500 og 100 kr. og skal hver flokkur hafa sjerstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabrief vera tölusett. Telja má upphæðir bankavaxtabrjefanna einnig í útlendri mynt samhliða krónumyntinni.